

ALLIR VEL UPPLÝSTIR



EINELTI STAÐFEST

VINNUFERLI 2B

1. Geranda er gert ljóst að einelti verði ekki liðið og að gerðir hans séu staðfestar og skráðar af fleiri en einum aðila. Láti gerandi sér ekki segjast verður gripið til viðeigandi úrræða. Nemendi getur ekki sinnt ábyrgðarhlutverkum á vegum skóla á meðan Vinnuferli 2B stendur yfir.
2. Allir sem koma að þolanda og geranda (gangaverðir, kennarar, starfsfólk skólans og starfsfólk íþróttahúss) þurfa að vera vel upplýstir. Þeim ber að tilkynna til eineltisteymis ef þeir verða varir við eineltishegðun. Öll eineltishegðun sem er tilkynnt er skráð.
3. Fulltrúi eineltisteymis sendir tölvupóst á foreldra/forráðamenn nemenda í bekkjum málsaðila og þeim tilkynnt að upp sé komið eineltismál sem tengist inn í bekkinn.
4. Farið yfir eineltishring og skilgreiningu á einelti á bekkjarfundi.
5. Fulltrúar eineltisteymis ræða við þolanda og geranda daglega á fyrirfram ákveðnum tíma og funda sín á milli að lágmarki einu sinni í viku. Þeir hafa samband við foreldra/forráðamenn a.m.k. vikulega.
6. Fulltrúar eineltisteymis taka viðtöl við nemendur (þeir gefa oft gleggstu myndina) eftir því sem þurfa þykir.
7. Ef eineltisteymi og foreldrar/forráðamenn eru sammála um að eineltishegðun sé áfram viðvarandi taka þeir ákvörðun í sameiningu um hvenær málinu skuli vísað til Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar.
8. Málið fer ekki í bið fyrr en foreldrar/forráðamenn þolanda hafa fullvissað skólann um að eineltið gagnvart barni þeirra hafi stöðvast. **Foreldrar/forráðamenn þurfa að staðfesta það með undirskrift sinni.** Máli telst formlega lokið fjórum mánuðum frá dagsetningu undirskriftar.
Skilgreining á bið: Aðilar máls eru upplýstir um að ef vottur af einelti birtist á ný innan biðtíma verði málið tekið strax upp aftur þar sem frá var horfið.
9. Foreldrum geranda er tilkynnt um niðurstöðu málsins.

Eftirfylgni:

Eineltisteymi fylgir eftir hverju máli þótt það teljist vera lokið með því að veita málsaðilum öllum viðeigandi stuðning eða aðra aðstoð sem við á hverju sinni.